

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	27.10.20
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Aðalbjörgu Traustadóttur
Verkefni/tillaga:	Lagt er til að íbúum á herbergjasambýli í austurborginni verði boðin önnur búseta. Tveir myndu fá boð um flutning í íbúðakjarnann að Elliðabraut og þrír mundu frá boð um húsnæði með stuðningi í sama fjölbýlishúsi.
Þjónustubáttur:	Málefni fatlaðs fólks
Stofnun/kostn.st.:	F4345
Fjárhæð:	145 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að bjóða íbúum á herbergjasambýli í austurborginni aðra búsetu. Markmið tillögunnar er að uppfylla ákvæði þingsályktunartillögu og bráðabirgðaaákvæði í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem og tíu ára áætlunar velferðarsviðs um niðurlagningu herbergjasambýla í áföngum sem samþykkt var samhljóma í velferðarráði 18. maí 2017.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Tillagan stuðlar að því að fatlað fólk fái viðunandi búsetukost en unnið er að því að leggja niður herbergjasambýli sem rekin eru á vegum Reykjavíkurborgar.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir fimm fatlaða einstaklinga sem búa á herbergjasambýli.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan er liður í niðurlagningu herbergjasambýla og er lögð fram óháð kyni. Tillagan hefur jákvæð áhrif á stöðu fatlaðs fólks í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Ekki að svo stöddu.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.